

Alþingi,
Umhverfis- og samgöngunefnd
nefndasvid@althingi.is

Umsögn tillaga til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036, mál 563, 152. löggjafarþing

Fjórðungssamband Vestfirðinga þakkar beiðni um veitingu umsagnar um tillögu að þingsályktun um Byggðaáætlun 2022-2036. Vestfjarðastofa vinnur umsögnina fyrir Fjórðungssamband Vestfirðinga.

Umsögn er skipt upp í almenna umfjöllun um vinnulag, um markmið og fjárhagsramma byggðaáætlunar. Að lokum er síðan greining á fjárhagsstöðu sveitarfélaga og aðgerðir til að bæta þar úr og aðgerðir í innviðum, en þessir þættir eru grundvöllur fyrir því að aðgerðir byggðaáætlunar nái fram.

Vinnulag, markmið og fjárhagsrammi.

Undirbúningur og samráð.

Undirbúningur að áætluninni hefur farið í gegnum viðamikinn feril allt frá hausti 2020 með vinnu að Grænbók og síðan Hvítbók, við þá vinnu var óskað aðkomu sveitarfélaga, landshlutasamtaka sveitarfélaga, ráðuneyta, stofnana og atvinnulífs. Við seinkun á framlagningu áætlunar frá hausti 2021 til vors 2022 var að nýju óskað eftir sjónarmiðum með tilliti til nýs ríkisstjórnarsáttmála.

Það er miður að framlagningu áætlunarinnar hafi seinkað og mikilvægt að málið verði afgreitt á 152. löggjafarþingi og verði ekki frestað til hausts og þau sjónarmið sem hér eru sett fram við umsögn fái umræðu á vettvangi Alþingis. Að öðru leyti er lýst ánægju með undirbúning og feril við endurskoðun áætlunar og ætti að vera fyrirmynd um samskipti ríkis og sveitarfélaga við aðra áætlanagerð og stefnumörkun stjórnvalda. .

Um verklag og markmið við framkvæmd Byggðaáætlunar

Með gildistöku síðustu byggðaáætlunar var breytt verklagi við framkvæmd stefnu og einstaka verkefna. Ábyrgð á framkvæmd var dreift með skilgreindum verkefnum ráðuneyta auk beinna verkefna sem fjármögnuð eru með byggðaáætlun. Þetta verklag hefur gengið ágætlega og ber að halda því áfram.

Vestfjarðastofa telur að í tillögu að Byggðaáætlun hafi náðst að meginhluta að fanga flest þau viðfangsefni er varða málefni landsbyggðanna. Mat Vestfjarðastofu hinsvegar að dreifið framkvæmd verkefna Byggðaáætlunar á fjölda aðila minnki hinsvegar virkni beinnra aðgerða. Með vísan til markmiðs ríkisstjórnarsáttmála að efla skuli sóknaráætlanir landshluta þá ætti að mati Vestfjarðastofu, að beina framkvæmd aðgerða Byggðaáætlunar til Sóknaráætlana landshluta.

Fjármögnun

Fjármögnun Bygðaaætlunar veldur miklum áhyggjum en samkvæmt tillögu að fjármálaáætlun 2022 – 2027 sem nú er til umfjöllunar á Alþingi (mál 513), þá lækka framlög til bygðaaætlunar í heild á áætlunartímabilinu og sértæk framlög tengt Covid19 eru tekin til baka varðandi Sóknaráætlanir.

Í greinargerð með tillögu til bygðaaætlunar er á bls 32, sýnd þróun framlaga frá árinu 2013 til 2022 og tillögu til fjármálaáætlun 2022-2027 um málaflokk 08 *Sveitarfélög og byggðamál*. Heildarframlög lækka á áætlunartímabilinu og framlög til Sóknaráætlana landshluta og Covid 19 aðgerða bygðaaætlunar verða felld niður frá og með árinu 2023. Aukið er við framlög til aðgerða bygðaaætlunar en framlög annarra verkefna eiga að lækka og verða sambærileg og árið 2017.

Gangi tillagan óbreytt fram, þá er fyrirséð að málaflokkar landshlutannasamtaka utan höfuðborgarsvæðis verða í mikilli hættu. Skipta má áhrifum í tvo þætti

Annars vegar eru þá áhrif á stuðning við nýsköpun og atvinnuþróun til fyrirtækja og einstaklinga m.a.

- Lækkun á verkefnafjármagn Sóknaráætlana landshluta í gegnum uppbyggingarsjóði til verkefna á sviði nýsköpunar í atvinnulífi, menningu og samfélögum.
- Samdráttur í ráðgjöf til fyrirtækja og einstaklinga

Hinsvegar yrði að draga úr almennri starfsemi og getu til þátttöku verkefnum m.a.

- Stefnumörkun og eftirfylgni verkefna á sviði ferðamála
- Stefnumörkun og eftirfylgni verkefna á sviði nýsköpunar
- Stefnumörkun og eftirfylgni verkefna í sjávarútvegi og fiskeldi
- Stefnumörkun og eftirfylgni verkefna í menningarmálum.
- Samstarf og efling samstarfs sveitarfélaga á starfssvæði landshlutasamtaka

Hér eru um að ræða langtímaverkefni sem ekki er hægt að vinna á skammtíma verkefnafjármagni. Líkt og aðrar stofnanir þurfa landshlutasamtök að hafa kjarnastarfsemi með sérfræðipækkingu á aðstæðum landshluta og tryggja faglegt starf sem sveitarfélög og ríki fela þeim hverju sinni. Dæmi hér um eru verkefni sem tengjast bygðaaætlun, þar eru landshlutasamtök sveitarfélaga framkvæmdaðili að 5 verkefnum og landshlutasamtökin eru tilgreind sem samstarfsaðili í 22 verkefnum af alls 43 verkefnum bygðaaætlunar.

Samningur um atvinnuráðgjöf og byggðaðróun við Bygðastofnun lykilþáttur en gildistími samnings rennur út á þessu ár. Framlög þessa samnings hafa staðið í stað frá 2017 þrátt fyrir verulega hækkun verðlags og launa. Að mati Vestfjarðastofu þá er tillaga um lækkun framlaga til *sóknaráætlunar og atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni* að ganga gegn markmiðum ríkisstjórnarsáttmála þar sem tilgreint er að efla skuli sóknaráætlanir landshluta, þess verður að sjást í fjárveitingum til málaflokksins.

Um fjármögnun og umboð til aðgerða.

Fjöldi verkefni eru sett í framkvæmd landshlutasamtaka ein og sér og eða í samstarfi við aðra aðila oftast nær sveitarfélögin. Áður en byggðaáætlun verður afgreidd frá Alþingi er lagt til að fram fari greining á áhrif þessara verkefna á starfsemi landshlutasamtaka og umboð þeirra til að taka að sér slík verkefni.

Um framtíðarsýn og meginmarkmið.

Framtíðarsýn byggðaáætlun á að setja Ísland í fremstu röð með trausta innviði, sjálfbær og öflug sveitarfélög, aukin verðmætasköpun og framsækna þjónustu.

Að mati Vestfjarðastofu verða að sjást margþættar aðgerðir stjórnvalda í innviðamálum, eflingu sveitarfélaga og þjónustu á Vestfjörðum til þess að framtíðaráform gangi eftir. Hér síðar í umsögninni eru listuð upp þau verkefni sem snerta þessa framtíðarsýn og meginmarkmið.

Markmið um að bæta stöðu viðkvæmra svæða

Samkvæmt ákvæði 3.gr laga um byggðaáætlanir og sóknaráætlanir skal vera *sérstök áhersla verði lögð á svæði sem búa við langvarandi fólksfækkun, atvinnuleysi og einhaft atvinnul.f.*

Í tillögu að byggðaáætlun er vísað til ákvæðisins í einu verkefni *C1 Sértek verkefni sóknaráætlunarsvæða, óbeint til B7 Stöf án staðsetningar og C2 Brothættar byggðir.* Í greinargerð er tilgreint að þessi þrjú verkefni séu valinn til að mæta sértækum aðstæðum. Samanlagt verða lagðar um 1.800 mkr til þessara verkefna á næstu 5 árum, eða að meðaltali 360 mkr á ári.

Tillaga í fjármálaáætlun er hækka framlög til framangreindra verkefna efast er hér um að hér sé nægjanlegt fjármagn til reiðu. Reynslan sýnir að um 5 til 6 landshlutar eru að fá úthlutað úr C1 og C2 verkefnum sem gerir um 60 til 70 mkr á ári ef þeim væri jafnað á landshlutanna. En meginhluti fjármagns byggir á úthlutunum til eins eða tveggja ára í senn og misjafnt hvað kemur í hlut hvers landshluta á hverju ári.

Vestfjarðastofa telur að framkvæmd ákvæðisins þurfi að einnig vera með skýrari hætti. Gera verði greiningu á hvaða svæði myndu falla undir slíkt ákvæði, setja langtímamarkmið á þá þætti sem sett eru í lögum og auka við fjármagn og veita því til lengri tíma í senn. Sú leið sem nefnd var hér fyrir í umsögninni að færa aðgerðir í gegnum Sóknaráætlanir ætti að skoðast hér í samhengi.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga og staða og uppbygging innviða.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga

Markmið byggðaáætlunar er að byggja upp öflug sveitarfélög og er það í samræmi við aðra stefnumörkun stjórnvalda s.s. í málefnum sveitarfélaga og samgönguáætlun.

Fjárhagsstaða sveitarfélaga á Vestfjörðum er erfið og núverandi tekjustofnar nægja ekki til að viðhalda samkeppnishæfum rekstri. Tekin er hér saman þróun A hluta rekstrar sveitarfélaga frá 2019 til 2022, byggt er á ársreikningum 2019 og 2020, fyrri umræðu um ársreikning 2021 og fjárhagsáætlun fyrir árið 2022.

Rekstrarreikningur (í þús.kr.)	2019	2020	2021	2022
Tekjur				
Skatttekjur án Jöfnunarsjóðs	4.727	4.839	5.308	5.601
Framlag úr Jöfnunarsjóði	2.349	2.258	2.331	2.384
Þjónustugjöld og aðrar tekjur	1.688	1.849	2.004	1.855
Tekjur samtals	8.764	8.945	9.644	9.840
Gjöld				
Laun og launatengd gjöld	4.873	5.297	5.508	5.883
Breyting lífeyrisskuldbindinga	188	202	583	176
Annar rekstrarkostnaður	3.315	3.488	3.398	3.555
Afskriftir	291	309	312	306
Gjöld samtals	8.668	9.295	9.802	9.920
Fjármagnsliðir	-251	-297	-446	-333
Óreglulegir liðir	0	-83	11	-53
Rekstrarniðurstaða	-155	-730	-621	-466

Tekjur stefna í að aukast um 1.100 mkr á milli samanburðar ára, þar af hækka skatttekjur sveitarfélaganna um 900 mkr, framlög Jöfnunarsjóðs standa í stað og aðrar tekjur hækka um 200 mkr. Gjöld hækka á sama tíma um 1.250 mkr, þar af laun og launatengd gjöld um 1.000 mkr, en önnur gjöld um 250 mkr. Rekstrarniðurstaða A hluta er því neikvæð allt tímabilið og er samanlagður rekstrarhalli nemur um tæpum 2 milljörðum á þessum fjórum árum.

Efnahagsreikningur (í þús.kr.)	2019	2020	2021	2022
Eignir				
Varanlegir rekstrarfjármunir	8.783	11.159	9.537	10.161
Áhættufjármunir og langtímakröfur	2.226	2.474	2.258	2.166
Fastafjármunir	11.009	13.632	11.793	12.327
Veltufjármunir	2.799	3.073	2.780	2.399
Eignir samtals	13.809	14.427	14.572	14.726
Skuldir og eigið fé				

Eigið fé	3.860	3.407	2.696	2.657
Skuldbindingar	2.003	2.066	2.489	2.370
Langtímaskuldir	5.299	6.013	6.264	6.329
Skammtímaskuldir	2.645	2.941	3.116	3.370
Skuldir og eigið fé samtals	13.809	14.427	14.572	14.726
Skuldahlutfall	1,14	1,23	1,23	1,23

Skuldahlutfall nam 1,14 á árinu 2019 en hækkar og hefur haldist í 1,23. Skuldir hafa hækkað um tæpa 2 milljarða sem er að öllum líkindum lántaka til að mæta rekstrarhalla sömu ára og á sama tíma hefur eigið fé lækkað um 1.100 mkr.

Veltufé frá rekstri hefur sveiflast á síðustu fjórum árum, það nam 480 mkr árin 2019 og 2021 en vegna áhrifa Covid19 faraldurs nam það rétt 18 mkr 2020 og síðan samkvæmt fjárhagsáætlunum 2022 á það að nema um 200 mkr. Hlutfall veltufjármagns stefnir í að vera á árinu 2022 um 2% en hefur numið um 5% ef ekki er horft til áhrifa Covid19 faraldurs.

Áhugavert að skoða framangreinda stöðu í umfjöllun fjármálaáætlunar 2023-2027 um fjármál og sjálfbærni sveitarfélaga.

Helsta áskorun málaflokksins felst í því að stuðla að öflugum sveitarfélögum með getu til að veita íbúum sínum jöfn réttindi, aðgengi að þjónustu og sambærilegum búsetuskilyrðum og í öðrum sveitarfélögum. Grundvöllurinn að því takmarki er að stuðla að efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni sveitarfélaganna.

Húsnæðisáætlun stjórnvalda gegnir lykilhlutverki í að tryggja aðgengi að öruggu húsnæði og stöðugleika á húsnæðismarkaði. Samhliða því er brýnt að nýta stafrænar leiðir til að bæta samskipti við íbúa í samræmi við velsældaráherslur stjórnvalda, bæði í því skyni að auðvelda aðgengi að þjónustu og ýta undir aukna þátttöku íbúa í stefnumótun í gegnum íbúalýðræði. Bls 230

Lykilþáttur í stefnumótun stjórnvalda á sveitarstjórnarstiginu og eflingu sveitarfélaga felst í því að stuðla að efnahagslegri, samfélagslegri og umhverfislegri sjálfbærni sveitarfélaga. Nokkrar skilgreiningar liggja fyrir á hugtakinu efnahagsleg sjálfbærni. Flestar þeirra fela í sér fjárhagslega getu sveitarfélags til að standa undir grundvallarþjónustu, innviðauppbyggingu, fjárhagslegum áföllum og áskorunum til framtíðar. Bls 231

Í umfjöllun hér að framan má ljóst vera að sveitarfélög á Vestfjörðum eru í þröngri stöðu hvað varðar rekstur og skuldir og skuldbindingar. Þetta er bagalegt staða á þeim krossgötum sem samfélögin og atvinnulíf á Vestfjörðum standa nú frammi fyrir, því er mikilvægt að í byggðaáætlun sé lögð áhersla á eflingu sveitarfélaga og þau hafi getu til að sinna málaflokkum og veitt íbúum samkeppnishæfa þjónustu.

Áskoranir og lausnir.

Þar liggur þyngst sú uppbygging sem fiskeldissveitarfélögin þurfa nú að fara í vegna samfélagslegra innviða, til að mæta hraðri uppbyggingu sjókvíaeldsins s.s. með húsnæðismál og velferðarmál. Hættan er sú að síður takist að laða að fjölskyldur ef þessir þættir eru ekki samkeppnishæfir við önnur sveitarfélög og samfélögin þróist í átt að aukinni einsleitni íbúa og skammtímabúsetu og lögheimili þá utan sveitarfélags. Tekjumyndun af útsvari og fasteignagjöldum verður þá verri en ef sveitarfélögin geti mætt þróuninni að öllu eðlilegu.

Í greiningu KPMG fyrir Vestfjarðastofu 2020, má sjá vísbendingar um slíka þróun þegar margfeldisáhrif starfa í fiskeldi eru talin 1,8 en í sambærilegri greinargerð KPMG sem unnin var fyrir Fjórðungssambandið árið 2017 voru margfeldisáhrif starfa í fiskeldi metin 2,4.

Markmið byggðaáætlunar er að stuðla að jákvæðri byggðþróun um land allt og sérstaklega skal beina athygli að landsvæðum sem hafa búið við langvarandi neikvæða byggðapróun. Einnig hefur verið mörkuð stefna í málefnum sveitarfélaga þar sem lögð er áhersla á eflingu sveitarfélaga og þau verði sjálfbær í rekstri.

Sveitarfélög á Vestfjörðum þar sem fiskeldisstarfsemi hefur byggst upp eða er uppbyggingu hafa þurft að mæta þeirri uppbyggingu með eflingu innviða og þjónustu. Nauðsyn er á að sveitarfélögin fái auknar tekjur strax af fiskeldi til þess að geta mætt þessum vexti og það fjármagn er til staðar með fiskeldisgjaldi.

Á grundvelli ályktunar 66. Fjórðungsþing Vestfirðinga að hausti, í október s.l. telur Vestfjarðastofa að vilji sveitarfélaga sé skýr

Endurskoða þarf tekjur sveitarfélaga vegna eldiskvíá og umsvifa í sjókvíaeldi á þeirra heimasvæði. Krafan er ekki að auka álögur á atvinnugreinina heldur að eðlilegur hluti tekna renni til uppbyggingar og viðhalds innviða sveitarfélaganna og skili sér beint til þeirra sveitarfélaga sem verða fyrir þeim áhrifum af sjókvíaeldi.

Vestfjarðastofa telur að fjalla verði um þessa stöðu í umfjöllun um byggðaáætlun. Ef ná á markmiðum stjórnvalda í byggða- og sveitarfélagamálum þá verði það ekki gert, nema tryggð sé innspýtingu nýrra tekna til sveitarfélaga á Vestfjörðum þ.e. með tekjum sem koma af gjaldtöku af nýtingu auðlinda svæðisins. Kostir eru að hér eru bein tengsl á milli útgjalda og aukinnar nýtingu auðlinda, skapar það einnig meiri sátt við fyrirtæki sem greiða slíkt gjald.

Hluti framangreindra tekna koma í dag frá Fiskeldissjóði (lög 89/2019) en ráðstöfunarfé sjóðsins úr ríkissjóði nemur 1/3 af fiskeldisgjaldi og er áætlað tæpar 200 mkr á árinu 2022 hlutur ríkissjóðs er þá um 400 mkr. Vekja má athygli á því að sjóðurinn er að úthluta sömu fjárhæð á þessu ári sem nemur öllu veltufé frá rekstri samkvæmt fjárhagsáætlun fiskeldissveitarfélaga á Vestfjörðum fyrir árið 2022.

Úthlutanir sjóðsins byggja á árlegum umsóknum fiskeldissveitarfélaga (á Austfjörðum og Vestfjörðum) til sjóðsins og mismunandi markmiðum sjóðstjórnar. Þetta fyrirkomulag úthlutunar gerir sveitarfélögum erfitt fyrir að setja verkefni inn í sínar langtímaáætlanir og skerðir sjálfstæði þeirra í forgangsröðun verkefna.

Fiskeldisfyrirtæki fá í dag afslátt af fiskeldisgjaldi en sá afsláttur fer stíglækkandi fram til ársins 2027 og miðað við forsendur frumvarps um fiskeldisgjald, þá er áætlað að það getir numið um 1,4 milljörðum á því ári. Auk þess greiðist umhverfisgjald og öll þjónusta og leyfisgjöld til ríkissjóðs eða stofnana ríkisins. Að lokum er það síðan tekjuskattur ríkissjóðs af launþegum og fyrirtækjum. Samkvæmt greiningu KPMG 2020 gæti skattspor ríkisins af fiskeldi á Vestfjörðum numið um 1,1 milljarði á árinu 2026 (51 þús tonn) til varúðar var í greiningu KPMG ekki reiknað með tekjuskatti fyrirtækja, sem kæmi þá til hreinnar viðbótar.

Ríkissjóður ber í sjálfu sér litla áhættu af uppbyggingu fiskeldis og lítið hefur verið um sértæk úrræði að hálfu ríkissjóðs sem annars eru þekkt s.s. við uppbyggingu stóriðju. Fiskeldissveitarfélög bera hinsvegar meginhluta af fjármögnun og áhættu af uppbyggingu innviða og því er það krafa sveitarfélaga ættu þau eðlilega að eiga stærri hlut af gjaldtöku stjórnvalda. Tekjumyndun fiskeldissveitarfélaga í dag er háð óvissu og jákvæð áhrif á rekstur koma mun hægar inn, því samtímis þarf að auka útgjöld til að veita þjónustu vegna fjölgun íbúa.

Vestfjarðastofa leggur því til við samgöngu og umhverfisnefnd að taka til umræðu í umfjöllun um byggðaáætlun að úthlutun fiskeldisgjalds að verði breytt. Tillaga Vestfjarðastofu er að 80% fiskeldisgjalds sem ráðstafað til Fiskeldissjóðs komi til úthlutunar til fiskeldissveitarfélaga í stað 1/3 af ráðstöfun fiskeldisgjalds. Eins er tillaga Vestfjarðastofu að lögum 89/2019 um töku gjalds vegna fiskeldis í sjó verði breytt með að markmiði að starfsemi Fiskeldissjóðs verði lögð niður og hlutfall fiskeldisgjalds verði úthlutað til A hluta reksturs fiskeldissveitarfélaga. Vestfjarðastofa telur að niðurlögn þessara tekna geti verið með einföldum hætti og nýta megi þekkingu og aðferðafræði s.s. innan Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga í þeim tilgangi.

Innviðir

Öflugir innviðir, viðhald innviða og þjónusta eru forsenda að samkeppnishæf samfélag og atvinnulíf geti þróast á Vestfjörðum. Hér eru dregnar saman helstu verkefni sem vinna þarf að á tímabili framkvæmdaáætlunar og áætlunartímabili Byggðaáætlunar

- A. Hröðun uppbyggingar innviða fiskeldissveitarfélaga.
 - a. Hlutdeild fiskeldissveitarfélaga (sveitarfélög sem eiga land að sjó þar sem eldi á fíjóum laxi er heimiluð) á framlögum Fiskeldissjóðs verði hækkað og nemi að lágmarki 80% af tekjum sjóðsins frá og með árinu 2022.
 - b. Beint verði til ríkisstjórnar að lögum um gjaldtöku í fiskeldi verði breytt á þann hátt að Fiskeldissjóður verði lagður niður og framlög sjóðsins renni til rekstur A hluta fiskeldissveitarfélaga.

B. Húsnæðis og skipulagsmál.

Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á framlög Húsnæðis og mannvirkjastofnunar til byggingar íbúða verkefna á Vestfjörðum.

- C. Efling heilsárssamgangna innan atvinnusvæða á Vestfjörðum og milli atvinnusvæða á grundvelli markmiða samgönguáætlunar (auka öryggi í samgöngum, stytta vegalengdir milli byggða, efla atvinnusvæði á landinu öllu og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda) og markmiða um að auka jafnrétti kynja í aðgengi að atvinnu og þjónustu.
- Aukið fjármagn sett í viðhald stofnvega til að lagfæra strax slitlags og burðarlagsskemmdir og árlegt framlag nægi til að viðhalda stöðugleika vegakerfisins þar til jarðgöng leysa stofnvegi af hólmi þar sem það á við.
 - Aukið fjármagn sett til vetrarþjónustu innan atvinnusvæða með sólarhringsopnun alla daga ársins.
 - Aukið fjármagn verði sett til vetrarþjónustu milli atvinnusvæða á Vestfjörðum og við aðra landshluta. Stefnt verði á að tryggja opnun alla daga ársins frá kl 06.00 til miðnættis.
 - Aukið fjármagn verði sett til endurbóta á tengivegum á Vestfjörðum með að markmiði að tengja helstu ferðamannastaði á Vestfjörðum með heilsársvegi. Vegur að Látrabjargi, Rauðasandi, Dynjandisvogi, Bolafjall, Kaldalón o.fl
 - Jarðgöng á Vestfjörðum verði sett á samgönguáætlun 2022. Sett verði fjármagn til að hefja rannsóknir og annan undirbúning við gerð jarðganga samkvæmt Jarðgangáætlun Vestfjarða þ.e. Álftafjarðargöng, göng undir Mikladal, göng undir Hálfán og rannsóknir er varða breikkun Breiðadalsleggs. Hafnar verði framkvæmdir við jarðgöng á áætlunartímabili fjármálaáætlunar 2022-2027.
 - Gripið verði strax til aðgerða til að tryggja öryggi ferjusiglinga yfir Breiðafjörð, með lagfæringu á hafnaraðstöðu þannig skipta megi núverandi ferju út. Sömuleiðis verði strax veitt fjármagni til hönnunar á nýrri ferju og undirbúning útboðs þannig að hefja megi smíði ferjunnar og ljúka henni á sem skemmstum tíma.
 - Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á nýframkvæmdir og undirbúning þeirra á stofn og tengivegum á Vestfjörðum samkvæmt Samgönguáætlun 2020-2034, hér er um að ræða framkvæmdir á Vestfjarðavegi 60, Gufudalssveit og Dynjandisheiði, Veidileysuháls, Bildudalsvegi og Innstrandavegi.
- D. Orkumál. Fylgt verði eftir aðgerðaráætlun 2022-2031 í tillögum starfshóps umhverfis-, orku og loftlagsráðherra um orkumál á Vestfjörðum.
- 100 mkr til jarðhitaleitar í Skutulsfirði og Patreksfirði á árinu 2022
 - 1.400 mkr til eflingar dreifikerfis Orkubús Vestfjarða á árabílinu 2022-2030
 - Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á framkvæmdir Landsnets í uppbyggingu meginflutningskerfis og svæðisbundna flutningskerfis á Vestfjörðum. Áætlaðar framkvæmdir fyrir 12 til 14 milljarða á árabílinu 2023-2028.
 - Fjármálaáætlun setji ekki hömlur á virkjanaframkvæmdir á Vestfjörðum hvort sem um er að ræða einkaaðila eða fyrirtæki í opinberri eigu.

E. Byggðamál

a. Sóknaráætlanir landshluta.

Fjármagn til sóknaráætlana landshluta verði aukið á áætlunartíma fjármálaáætlunar.

b. Atvinnuráðgjafar á landsbyggðinni.

Fjármagn til sammings verði aukið í samræmi við verðlags og launaþróun frá árinu 2017.

c. Flutningsjöfnunarsjóður.

Fjármagn til flutningsjöfnunarsjóðs verði aukið í samræmi við verðlagsþróun.

F. Loflagsmál. Varnir gegn náttúruvá

a. Fjármálaáætlun setjir ekki hömlur á framkvæmdir við ofanflóðavarnir við Patreksfjörð, Bíldudal, Flateyri, Suðureyri og Hnífsdal. Framlag til ofanflóðavarna verði fremur aukið og markmið sett á fjölgun verkefna fyrir árið 2027

b. Efla vöktun á ofanflóðum og sjávarflóðum til að styrkja gagnaöflun og ákvarðanir um verkefni til framtíðar litið.

G. Heilbrigðismál, efling sérfræðisþjónustu og heilsugæslu.

a. Þjónusta sérfræðinga verði eflað á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum.

b. Heilsugæsla verði eflað á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum

c. Fjarheilbrigðisþjónusta verði eflað á starfstöðvum Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða og Heilbrigðisstofnunar Vesturlands á Vestfjörðum

H. Umhverfismál.

Aukið verði við fjármagn til fráveitumála sveitarfélaga þannig að verkefnaáætlun til ársins 2030 geti staðist.

I. Menningarmál

Aukinn verði stuðningur við menningarstarf og starfsemi safna og stofnana.

J. Örorða og málefni fatlaðs fólks

Hraðað verði vinnu starfshóps félags- og vinnumarkaðsráðherra um mótun tillagna á grundvelli skýrslna starfshópa ráðherra um endurskoðun laga um málaflokkinn og greiningu á kostnaðarþróun.

K. Málefni innflytjenda.

Framlög til málefni innflytjenda verði aukin til að efla fyrstu móttöku og til að efla þátttöku innflytjenda í atvinnulífi og samfélögum á Vestfjörðum.

L. Framhaldsnám, háskólanám og rannsóknir

- a. Nýbygging við Menntaskólann á Ísafirði
Hús verknáms og nýsköpunar
- b. Háskólasetur Vestfjarða
Efling rannsóknarstarfsemi og staðbundins náms
- c. Rannsóknarsetur og grænir iðngarðar
Efling rannsóknasetra Háskóla Íslands í Bolungarvík og Hólmavík.
Uppbygging nýs rannsóknaseturs um þang og þara og grænir iðngarðar á Reykhólum.

Menningarmál

Menningarmál á landsbyggðinni er málefni sem ekki næst umræða um og er yfirgnæfð af umræðu menningarmál og menningarstofnanir á höfuðborgarsvæði. Þannig eru menningarmál á landsbyggðinni ekki sýnileg í stjórnarsáttmála og tillaga að Byggðaáætlun er sama marki brennd, þar sem helsta aðgerðin er C15 List fyrir alla. Vandamálið við slíka ráðstöfunar lista- og menningarframboðs utan höfuðborgarinnar er, að það staðsetur landsbyggðina sem þiggjanda lista, en ekki meðvitaðan geranda og skapara. Landbyggð verður því umfjöllunarefni utanaðkomandi, en aldrei málshefjandi.

Íbúapróun og áhrif íbúaspár.

Að lokum vill Vestfjarðastofa beina til umhverfis og samgöngunefndar að ræða framsetningu gagna og einnig hagnýtingu gagna um lýðfræðilega þróun landshluta.

Greining Byggðastofnunar¹ á mannfjöldaspa Hagstofu um þróun íbúafjölda eftir lýðfræðilegum breytum eru óhagstæðar Vestfjörðum. Í tillögu að þingsályktun að Byggðaáætlun er greining á niðurstöðu í spám Byggðastofnunar. Ef skoðað er tímabil áætlunarinnar þá er gert ráð fyrir að íbúum á Vestfjörðum fjölgi innan þess tímabils um 2% eða um 100 manns, en fram til ársins 2036 muni þeim fækka um rúm 17% eða um 1.400 manns.

Almennt verður um spágildi slíkrar spár að segja, að ef þróun framtíðar muni vera eins og þróun fortíðar þá má vænta að þróun mannfjölda verði með álíka hætti. Markmið þessara greininga er að auðvelda stjórnvöldum að sjá fyrir breytingar og hafa áhrif á áætlanagerð ríkisins.

Byggðastofnun slær ýmsa varnagla og bendir á að eftir því sem minna þýði er undir þá eykst óvissa spánna og framreikningur getur ofmetið þróun.


Sem fram kemur í greiningu á hagþróun landshluta þá hefur samsetning atvinnulífs breyst hratt á Vestfjörðum, miðað við seinni hluta síðustu aldar og byrjun þessara aldar. Opnun EES atvinnumarkaðar og áhrif þessa á kynja og aldurssamsetningu og áhrif af bættum innviðum eru einnig að skila sér hægt en örugglega.

1


https://www.byggdastofnun.is/static/files/Skyrslur/Mannfjoldaspa/Mannfjoldaspa2022/mfjpsbgst2021_2070_1an_vidauka_c-n-1-.pdf

Það er ábyrgðarluti að setja fram íbúaspár og vanda verður við val á forsendum. Vestfjarðastofa telur sig verða vara við, að innan stjórnsýslu ríkisins þá sé þessi framtíðarspá að hafa áhrif á ákvarðanatöku og stefnumótun. Því er hér með velt upp með umhverfis og samgöngunefnd að hvort greina megi slíka hugsun við gerð áætlana stjórnvalda.

Hér er yfirlit um þróun íbúa á Vestfjörðum eftir atvinnusvæðum á Vestfjörðum frá því árið 2000. Hafa ber í huga að árið 2000 er í lok um tveggja áratuga tímabils með mikilli fækkun íbúa frá 20 til 50 % eftir sveitarfélögum. Vestfjarðastofa setur hér einnig fram íbúaspá sem horfir eingöngu til áætlaðra breytinga á störfum í fiskeldi og aldursamsetningar og þróunar starfa í fiskeldissamfélögum í nágrannalöndum. Lægsta spágildi er í Noregi þar sem stærðarhagkvæmni og uppbyggt stjórnkerfi er komið, síðan Skotlandi þar sem fiskeldi hefur fest sig í sessi en er enn í þróun og hæsta spágildi í Færeyjum þar sem fiskeldi er enn í uppbyggingu.




Íbúapróun í Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppi.



Íbúaþróun í Íscjjarðarbæ, Bolungarvíkurkaupstað og Súðavíkurhreppi

Meiri óvissa er með íbúaþróun á Ströndum og Reykhólahreppi, þar má sjá þætti í sviðmyndinni *Aftur til fortíðar*. En hér er innbyrðis staða sveitarfélags ólík. Í Strandabyggð og Árneshreppi þar sem staðan hefur verið verri, þá eru nú starfandi tvö verkefni undir verkefninu Brothættar byggðir. Verulegar vonir eru bundnar við um áhrif verkefnanna á samfélags og atvinnuþróun og ekki síst aðkomu stjórnvalda varðandi stuðning við innviðaupbyggingu. Kaldrananeshreppur og Reykhólar eru í viðkvæmri stöðu, en þar eru í þróun áhugaverð verkefni í atvinnulífi sem verða að njóta stuðnings stjórnvalda á síðari stigum.



Íbúaþróun í Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Strandabyggð og Reykhólahreppi

Góð samsetning aldurs og kynja er síðan grundvöllur í sjálfbærni samfélaganna. Þar er jöfn staða kvenna og karla lykilþáttur. Vestfjarðastofa telur að auk þess að skapa áhugaverð störf, menntunarmöguleika og valdeflingu, þarf að taka tillit til mikilvægi öruggra samgangna innan sveitarfélaga og milli sveitarfélaga innan sama atvinnusvæðis. Slíkt er ríkur þáttur í að stuðla að auknu aðgengi kvenna að atvinnutækifærum og þjónustu sem og afþreyingu og menningarstarfsemi. Varanlegar samgönguúrbætur með jarðgöngum eru lokamarkmið í þessum efnum en í millitíðinni er lykilþáttur að vera með öflugt og viðvarandi viðhald vegakerfisins og síðast en ekki síst ásættanlega vetrarþjónustu.

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri.